

Til Útvarpsráðs
Skúlagötu 4
Reykjavík

Þriðjudaginn 6. mars hringdi Þórunn Gestsdóttir til undirritaðrar vegna þáttar sem hún var að gera fyrir Ríkisútvarpið. Þáttur þessi tengdist 8. mars, alþjóðlegum baráttudegi kvenna, og Þórunn óskaði eftir því að fulltrúi/fulltrúar Rauðsokkahreyfingarinnar legðu fram í þáttinn u.þ.b. 5 mín. pistil um verkefni og störf Rauðsokkahreyfingarinnar þessa dagana. Sjálfsagt þótti að verða við þeim tilmælum og undirrituð mætti í upptöku þ. 7. mars ásamt Margréti Rún Guðmundsdóttur. Við fluttum þar stuttan pistil um starf Rauðsokkahreyfingarinnar síðasta ársfjórðung.

Þátturinn var síðan fluttur í Ríkisútvarpinu þ. 25. þ.mán. Þar töluðu fulltrúar tíu kvennasamtaka og Þórunn Gestsdóttir sá um millikynningar og formála.

Einn þessara fulltrúa kvennasamtakanna var Sigrún Huld Þorgrímsdóttir sem talaði af hálfu 8. mars hreyfingarinnar. Það er skemmst frá að segja að í ræðutíma sínum veittist Sigrún mjög harkalega að Rauðsokkahreyfingunni og gerði þar hvort tveggja að rangfæra og falsa stefnu hennar og grundvöll. Vinnubrögð þessa talsmanns 8. mars hreyfingarinnar eru ákaflega einföld; fyrst dregur hún upp skrumskelda mynd af Rauðsokkahreyfingunni, lýsir því næst hinni "ágætu" stefnu sinnar hreyfingar og lætur síðan áheyrendur um að draga ályktanir. Þetta er einfalt og vel þekkt, áróðursbragð.

Hreyfingarnar tvær, 8. mars hreyfingin og Rauðsokkahreyfingin, hafa átt í deilum sín á milli en Rauðsokkahreyfingin telur Ríkisútvarpið ekki vetvang þeirra deilna og vék ekki orði að þeim í sínum pistli... í sama útvarpsþætti.

Við hljótum að skoða málflutning 8. mars hreyfingarinnar sem freklega árás á Rauðsokkahreyfinguna og skýlaust brot á 3. grein útvarpslaga þar sem kveðið er á um óhlutdrægni Ríkisútvarpsins. Við getum engan veginn unað því að hreyfing okkar sé svert og opinskátt ráðist á hana (af annarri kvennahreyfingu) í ríkisfjölmiðli - án þess að okkur sé gefinn kostur á að svara fyrir okkur. Við hljótum jafnframt að fordæma stjórnanda þáttarins fyrir að láta slíkt viðgangast.

Ef Rauðsokkahreyfingunni er gefinn kostur á að lýsa stefnu sinni

og fjalla um kvenfrelsisbaráttuna í sérstökum útvarpsþætti og leiðrétta þar með hina röngu mynd sem gefin var af henni í sama fjölmiðli - mun hreyfingin ásátt á að ljúka málinu með því móti. Við væntum þess að heyra nánar frá Útvarpsráði áður en langt um líður.

Virðingarfyllst

f. h. Rauðsokkahreyfingarinnar

Dagný Kristjánsdóttir

Dagný Kristjánsdóttir

Hjá lagt:

1. Ræða fulltrúa 8. mars hreyfingarinnar Sigrúnar Huldar Þorgrímsdóttur
2. Athugasemdir Rauðsokkahreyfingarinnar
3. Stefnuskrá og grundvöllur Rauðsokkahreyfingarinnar.

Framlag Sigrúnar Huldar Þorgrímsdóttur

fyrir hönd 8. mars hreyfingarinnar í
þættinum Hlið við hlið ...

Stjórnandi: Þórunn Gestsdóttir

Útsending: 25.3 1979

8. mars hreyfingin var stofnuð þann fyrsta febrúar 1978, þá sem tímabundin samfylking um baráttuaðgerðir 8. mars í anda róttæktrar og verkalyðssinnaðrar jafnréttisbaráttu. Að stofnfundinum stóðu ýmsar róttækar konur sem einstaklingar þ.á.m. konur sem höfðu starfað innan Rauðsokkahreyfingarinnar á árunum 74-76 en af því starfi spratt meðal annars svokallaður baráttuhópur kvenna sem var mjög virkur vorið 1976 og stóð þá fyrir miklum deilum um stefnu og starf við ráðandi öfl innan Rauðsokkahreyfingarinnar.

Stofnfélagar 8. mars hreyfingarinnar drógu þá lærdóma af þessu starfi, ásamt ástandi íslenskrar kvannahreyfingar í heild, að nauðsyn væri fyrir nýja kvannahreyfingu. Þannig að þó ~~þá~~ 8. mars hreyfingin sem slík hafi einungis verið stofnuð um aðgerðir 8. mars, og engin ákvörðun tekin um áframhald, mun flestum hafa verið ljós nauðsyn þess að það starf leiddi til stofnunar varanlegrar kvannahreyfingar.

Okkur finnst að slík hreyfing þurfi að vera vel skipulögð. Hún þarf að eiga sér lýðræðislega kosna stjórn sem hafi ákvörður arvald milli liðsfunda, þinga eða annarra ráðstefna hreyfingarinnar. Til að tryggja lýðræði og virkni félaga hreyfingarinnar teljum við heppilegt að hafa í gangi starfshópa um afmörkuð mál eða verkefni. Það er líka nauðsynlegt að halda almenna fundi oft. Að öðru leyti aðhyllumst við hefðbundið félagsform svipað og til dæmis verkalyðsfélaganna.

Hér greinir okkur á við rauðsokkur sem telja slíka skipulagningu frá karlmönnum komna og því af hinu illa. Hefur mér skilið á sumum þeirra að þær telji konur þurfa annars konar skipulagningu í félagsstörfum en karla - en mér býður í grun að þær hugmyndir eigi m.a. rót að rekja til gamla fordóma um eðlislægan kynjamun eða eitthvað slíkt.

Nú - við teljum enn fremur að hreyfing sem þessi þurfi að eiga sér ákveðinn stefnugrundvöll sem allt starfið byggir á. Reynsla úr Rauðsokkahreyfingunni var einmitt sú að vegna þess að slíkur bindandi stefnugrundvöllur var ekki til gátu hinir einstöku starfshópar starfað eftir algerlega ósamstöðum skoðunum - og gerðu það óspart - og er svo enn. Jafnvel voru dæmi þess að hópar ynnu hver gegn öðrum eftir að skoðanaátök hófust í hreyfingunni.

Eins og ég tók fram áðan hefur 8. mars hreyfingin ekki tekið neina ákvörðun um stofnun hreyfingar sem þessarar. Hún hefur á hinn bóginn markað sér stefnugrundvöll og felst hann í stuttu máli í fimm kjörorðum. Það fyrsta er: Kvinnabaráttu á grundvelli stéttabaráttu - en það felur í sér að við teljum konuna sæta tvenns konar kúgun. Annars vegar vegna þess að hún er kona og hins vegar vegna þess að þjóðfélagið er stéttskipt. Það þýðir því að lítill hópur yfirstéttarkvenna á ekki samleið með baráttu okkar enda er þeim fyllilega mögulegt að ná jafnrétti við karla án róttækra þjóðfélagsbreytinga en því er ekki til að dreifa með alþýðukonur. Þær ná ekki jafnrétti að fullu nema slíkar breytingar verði því núverandi/þjóð/skipulag gróðakapphlaupsins byggir meðal annars á því að geta haldið konum sem ódýru og óstöðugu vinnuafli. Við teljum því mikilvægara að berjast gegn stefnu ráðandi afla í þjóðfélaginu gagnvart konum heldur en berjast gegn karlmönnum kynferðis þeirra vegna - reyndar finnst okkur slík afstaða næsta fáránleg.

Annað kjörorðið er Gerum stéttafélögin að baráttutækjum. Það skýrir sig sjálft. Allir þekkja dugleysi stéttarfélaganna nú orðið í baráttu fyrir brýnustu hagsmunum/^{málum} vinnandi fólks. Mjög mörg jafnréttismál ættu að vera ofarlega á baugi hjá stéttarfélagunum en eru látin afskiptalaus af forystu þeirra nema þá að senda út yfirlýsingar við hátíðleg tækifæri.

Í þriðja lagi er krafa um Næg dagvistarrými fyrir öll börn. Tæpast þarf mörg orð um ástandið í þeim efnum. Aðeins/^{um} níu prósent íslenskra barna eiga aðgang að viðurkenndum dagvistarstofnunum enda eru úrbætur í dagvistarmálum fastur liður á loforðaskrá stjórnmalamanna fyrir hverjar kosningar. Þau munu þó teljandi börnin sem vistuð eru á þeim loforðadagheimilum.

Í fjórða lagi viljum við berjast fyrir Sjálfsákvörðunarrétti kvenna til fóstureyðinga. Margur spyr kannski hvort þörf sé á slíku. Fá ekki allar konur fóstureyðingu sem um hana sækja?

Í fyrsta lagi er nú litið um það vitað því konum er á ýmsan hátt gert erfitt að sækja um fóstureyðingu yfirleitt. En við teljum það líka hneykslanlegt að aðrir aðilar en konan sjálf taki ákvörðun sem þessa fyrir hana eins og nú er gert. Fáránlegar eru röksemdirnar um að konur muni nota fóstureyðingar eins og getnaðarvörn enda sýna skýrslur að fremur er sjaldgæft að sama konan saki um fóstureyðingu oftár en einu sinni.

Fimmta og síðasta kjörorðið er: Gegn allri heimsvaldastefnu. Við álítum að kvennabaráttan sé alþjóðleg. Konur eru hálfur heimurinn og kynsystur okkar víða um heim eru þrugaðar af heimsvaldastefnu og stríðsyfiringangi stórveldanna. Glæsilegur er þáttur kvenna í löndum þriðja heimsins í þjóðfrelsisbaráttu og kvannahreyfing sem ekki styður þessa baráttu hlýtur að vera anna hvort þröngsýn eða afturhaldssöm - nema hvort tveggja sé.

Mörg þessara stefnumála eigum við sameiginleg með fjölda annara kvennasamtaka - um önnur eigum við í töluverðum deilum - fyrst og fremst við Rauðsokkahreyfinguna sem er öflugasta hreyfing kvenna hérlandis að virkni.

Ágreiningur okkar stendur annars vegar um áherslu á baráttumál - þar sem rauðsokkurnar hneigjast mun meira til baráttu kvenna gegn körlum og þar með áherslu á hlutverkaskiptingu kynjanna, fjölskyldumál, sambýlisform, kynlífsvandamál o.s.frv. en 8. mars hreyfingin vill hins vegar leggja meiri áherslu á beina hagsmunabaráttu kvenna svo sem fyrir launajafnrétti, rétti til vinnu, atvinnuöryggi, dagheimilum o.s.frv.

Hins vegar er ágreiningur um hvort kvannahreyfingin eigi að taka upp baráttu gegn heimsvaldastefnu en rauðsokkar telja það sundrandi fyrir kvannahreyfinguna.

Núna, 8. mars, höfðu þessar hreyfingar samstarf um fund og byggðu það á lágmarksgrundvelli þannig að tekin voru upp þau atriði sem eining er um en ágreiningsatriði lögð til hliðar. Auk þessa hefur 8. mars hreyfingin gengist fyrir samfylkingu fjölmargra hagsmunasamtaka kvenna um dagvistarmál núna á barnaárinu margnefnda. Við ætlum ~~okkur~~ að safna undirskriftum undir kröfu um úrbætur í dagvistarmálum. Söfnunin fór af stað þann 8. mars og á að standa fram á vor.

Athugasemdir Rauðsokkahreyfingarinnar við ræðu S.H.P. fyrir hönd 8. mars hreyfingarinnar

I. Skipulag Rauðsokkahreyfingarinnar (Rsh.) er 8. mars hreyfingunni stöðugur þyrnir í augum. Bygging og skipulag Rsh. miðast við sem allra mesta valdadreifingu. Rsh. byggist upp á næsta sjálfstæðum hópum sem vinna í samræmi við grundvöll hreyfingarinnar og ákvarðanir ársfjórðungsfunda sem eru sameiginlegir fundir allra félaga í hreyfingunni. Miðstöð sem kosin er með lýðræðislegri kosningu á ársfjórðungsfundum hefur síðan það hlutverk að samræma störf hópanna, vera tengiliður og framkvæmdaaðili hreyfingarinnar útá við.

Þetta skipulag er jafnframt alþjóðlegt skipulag nýju kvenfrelshreyfingarinnar - frumkvöðlar íslensku Rsh. höfðu þá dönsku sér til hliðsjónar í upphafi.

Forsendur þessa skipulags eru einfaldlega sú staðreynd að konur eru kúgaðar - og þar er að sjálfsögðu um félagslegt atriði að ræða en ekkert "eðli" - eða "gamla fordóma". Öll félagsmótun kvenna beinist að því að þær séu sem óvirkastar og óspart er ýtt undir vanmáttarkennd og skort á sjálfstrausti hjá þeim. Um þetta þarf ekki að fara mörgum orðum - allir sem komið hafa nálægt félagsstörfum vita hve tregar konur eru til að taka til máls og tjá skoðanir sínar.

Skipulag Rsh. beinist að því að uppræta þessa feimni og skort á sjálfstrausti með því að byggja á smærri einingum, frjálslegu og óformlegu fundaformi og sneiða hjá valdslegri uppbyggingu í alla grein. Það skiptir okkur engu máli hvort kynið fann hefðbundin félags- og fundarform upp - ef við náum betri árangri með annars konar skipulagningu notum við hana að sjálfsögðu.

Hér er um ágreining milli hreyfinganna tveggja að ræða og við biðjum Útvarpsráð að virða það fyrir sér hvernig fulltrúi 8. mars hreyfingarinnar lýsir þeim ágreiningi.

II. Hér er 8. mars hreyfingin að bera það á borð fyrir útvarps-hlustendur að Rsh. hafi í fyrsta lagi engan bindandi stefnu-grundvöll og í öðru lagi að þar vinni hver gegn öðrum. Þetta eru vitaskuld örgust álygar.

Varðandi fyrra atriðið visast beint til meðfylgjandi grund-

grundvallar Rsh. Breyting var gerð á skipulagi hreyfingarinnar á þinginu að Ölfusborgum haustið 1978 en sjálfur grundvelli hennar var ekki breytt.

Varðandi síðara atriðið verður við aftur að vísa til þess sem áður var sagt um starf Rsh. og stefnumótun ársfjórðungs-fundanna auk grundvallar hreyfingarinnar - en hóparnir starfa að sjálfsögðu í samræmi við hann.

Að öðru leyti getum við ekki annað en vísað þessum álygum og ásökunum á bug - þetta er einka-þráhyggja félaga í 8. mars hreyfingunni - við þekkjum þennan söng og munum ekki þreyta Útvarpsráð með honum.

III. Fulltrúi 8. mars hreyfingarinnar tekur hér saman í stuttu máli ágreining hreyfingana og við höfum satt að segja töluvert við þá samantekt að athuga.

- Í fyrsta lagi dregur SHP upp mynd af Rauðsokkahreyfingunni sem einhvers konar "karlahaturs- klúbbi" sbr. "...rauðsokkurnar hneigjast mun meira til baráttu kvenna gegn körlum ..."
- Í öðru lagi segir SHP að baráttumál Rsh. hverfist alfarið um sambýlismál (að því er virðist á einstaklingsgrundvelli) og
- í þriðja lagi gefur SPH í skyn svo að engum getur blandast hugur um það að í þessu sé fólgin aðal-ágreiningur hreyfinganna tveggja þar sem 8. mars hreyfingin sé ekki sammála þeim "vöndu" áherslum sem hún taldi fyrst.

Hér er um svo beina fölsun að ræða að manni fallast hendur. Ef Útvarpsráð vill gjöra svo vel að lesa um baráttumál Rsh. í meðfylgjandi grundvelli hreyfingarinnar - má sjá það svart á hvítu að ÖLL "aðalmál" 8. mars hreyfingarinnar í upptalningu SHP eru baráttumál rauðsokka og hafa verið í mörg ár. Þau mál sem talin eru aðalmál Rsh. er þar hins vegar ekki að finna af skiljanlegum ástæðum.

Allar kvenfrelsis hreyfingar halda uppi frjórri og kröftugri umræðu um herðbundna hlutverkaskiptingu kynjanna, um fjölskyldun sem stofnun í þjóðfélaginu og um sambýlisform yfirleitt. Rsh. hefur gert sitt besta til að efla gagnrýna umræðu um þessi mál hérlendis og gert sitt besta til að hafa áhrif á hugsanahátt og skoðanir manna í þessum efnun. Hitt er svo annað mál að þessi umræða er þess eðlis að hún verður seint njörfuð niður í kjörorð eða bornar fram kröfur í þessum efnun. Þessar umræður eru vissulega hluti af starfi Rsh. og baráttu - EN engan veginn

stærsti hluti þess. Rsh. hefur alla tíð barist fyrir fleiri og betri dagvistarheimilum, haldið láglauanáðstefnur og látið sig kjör og hagsmuni láglaunakvenna mjög miklu skipta.

SHP kys að nefna þá staðreynd hvergi og snýr málunum þannig við í samantekt sinni að helst mætti ætla að hagsmunamál láglaunakvenna væru alls ekki á dagskrá rauðsokka. Við skoðum þetta sem grófa fölsun og skrumskælingu á stefnu Rsh. Við erum orðnar vanar slíku í málgagni 8.mars hreyfingarinnar - Verkalýðsblaðinu en það tekur út yfir allan þjófabálk þegar við fáum þetta framan í okkur í ríkisfjölmiðlunum líka.

Og að lokum - Rauðsokkahreyfingin er opin karlmönnum, karlar eru félagar í hreyfingunni og við njótum stuðnings og skilnings fjölmargra framsækinnna karlmannna. Það er töluvert útbreiddur misskilningur og fordómar að við beinum spjótum okkar að karlkyninu - yfirleitt. Við getum ekki skoðað það sem neina tilviljun að SHP skuli bera þessa fordóma á borð fyrir útvarps- hlustendur - það er eftir öðru í hennar málflutningi.

Við höfum hér aðeins gert athugasemdir við það helsta í þessu makalausá erindi - en fleira mætti nefna. Athugasemdir okkar eru teknar saman í bréfi okkar til Útvarpsráðs ásamt tilmælum okkar um úrbætur.

J. h. Rauðsokka hreyfingarinnar
 Dagmar Kristjánsson